

FUNDUR KVENNALISTAKVENNA MED RÍKISSTJÓRNINNI P. 10.7. 1991.

Mætt voru Kristín Æstgeirs dóttir og undirrituð frá Kvennalistanum og Jón Sigurðsson, Davíð Oddsson, Þórdur Friðjónsson og Guðmundur Malmquist fyrir ríkisstjórnina og "kerfið".

Ákveðið var að fara yfir stöðu einstakra atvinnugreina og auk þess voru afhent gögn um Álafoss, loðnuna og nækjuna sérstaklega. Þá fengum við í hendur minnisblað frá Þjóðhagsstofnun um afkomu atvinnugreina og fyrirtækja frá 9. júlí s.l.

ÁLAFOSS:

Fyrst var fjallað um Álafoss og ullarvinnsluna. Jón Sigurðsson rakti þróun mála lauslega. Hann byrjaði á því að taka fram að ullarvinnsla væri ung iðngrein á Íslandi. Hann bætti því við að ef til vill væri eðlilegt að greinin "gengi niður" nú.

Hann sagði að tilraunir til að bjarga þessari atvinnugrein með sameiningu fyrirtækja og öðrum aðgerðum hefðu borið nokkurn árangur, en ekki nágjanlegan. Tvær tímasetningar voru nefndar:

1987-1988 þegar skýrsla erlends fyrirtækis hefði gefið fyrirheit um batnandi horfur nýja Álafoss (þ.e. gamla Álafoss og SÍS).

Mai 1989: Þegar ríkið kom inn með loforð um meira hlutafé,

Jón og Davíð tóku fram að stjórnvöld myndu ekki leggja meira fjármagn til ullariðnaðarins. Þau litu á það sem sitt hlutverk að "koma mönnum saman" og hjálpa til við markaðsáætlunar og rekrstrírarathugun. Gjaldþrot Álafoss myndi "strika yfir skuldir

úr fortíðinni." Ekki væri einfalt mál að meta hve háar fjárhædir fíllu á ríkissjóð. Ákvörðun bankastjóra Landsbankans (það mun hafa verið einhliða ákvörðun Sverris Hermannssonar) um að halda áfram rekstri gæfi umþóttunartíma. Til stæði að framleiða upp í gerða samninga. Viðréður við Sovétmenn væru langt komnar og ef samningar tækjust myndi einnig verða framleitt upp í þá.

Við spurðum hvort raunheft væri að tala um framhald á ullariðnaði hér á landi ef ekki yrði hægt að þvo ullina og vinna hana. Til þess þarf einhver að vera nágu öflugur til að geta keypt ull og unnið hana. Jón samsinnti þessu og sagði að verið væri að reyna að fá marga aðila inn í nýtt fyrirtæki sem héldi þessari starfsemi áfram. Hann nefndi Félag sauðfjárbaða, starfsfólk og stjórnendur Alafoss, sveitarfélög og erlenda aðila s.s. í Austur-Evrópu og Japan. Ríkið ætlaði sér ekki að eiga hlut í þeim rekstri. Ekki væri hægt að spá því hve mikill reksturinn yrði. Auk þess var þess getið að Sovétmenn hefðu lýst áhuga á að kaupa vélar af kröfuhöfum Alafoss.

*glá*

Rétt er að þess að Kristín Sigurðardóttir segir það hæpið að nokkur innlendur aðili eða samtök séu nágu stór til að taka við þessari vinnslu af Alafossi. Því sé tömt mál að tala um framhald á íslenskum ullariðnaði nema að halda Alafossi áfram í einhverri mynd. Þetta á við um frumvinnsluna, þvott og vinnslu á ull. Hins vegar má búast við að einhver fyrirtæki gætu ráðið við úrvinnsluna.

Guðmundur Malmquist taldi að tölur um tap Alafoss (747 milljónir árið 1989) væru ofreiknaðar. Ef til vill væri Landsbankinn að dreifa uppsöfnuðu tapi. Erfitt yrði hins vegar

Við Kristín Æstgeirs eigm þau gögn til sem vísað er til með þessari samantekt og þær sem hafa áhuga á að lita á þau láti vita.

Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Gögn:

1. Álafoss / Ólafur Ólafsson: Greinargerð til stjórnar og eigenda Álafoss hf. vegna fyrirtækisins. Mai 1991.
2. Starfshópur um rækjuvinnslu: Skýrsla um stöðu rækjuvinnslu. April 1991.
3. Pjóðhagsstofnun: Minnisblað um afkomu atvinnugreina og fyrirtakja. 9. júlí 1991.
4. Pjóðhagsstofnun: Um loðnuveiðar og -vinnslu. 1. febrúar 1991.

## FISKELDI

Þar var fjallað um þau sjö fyrirtæki sem valin hefðu verið til að halda stofnum og verkþekkingu í landinu. Ríkisframlag er 150 milljónir á þessu ári og annað eins á næsta ári. Sex milljarðar eru taldir tapaðir í þessari atvinnugrein og ekki útlit fyrir að hún eigi framtíð fyrir sér á Íslandi eins og málum er háttað nú. Það er a.m.k. mat viðmælenda okkar. Ekki var farið út í nákvæmar útlistanir á þessum málum en vísaði í skýrslu sem væntanleg væri í næstu viku. Sú skýrsla er ókominn enn. Davið Oddson tók fram að margir hugsjónamenn hefðu tapað öllu sinu í þessu ævintýri.

## RÆKJAN

Aðalvandinn í rækjuvinnslu er verðfall á innfjarðarrækju (lítilli rækju). Verð er skikkanlegt á djúpsjávarrækju (stórri). Það er einkum ísafjörður sem fer illa út úr þessari þróun mála. Þar eru a.m.k. tvö fyrirtæki á vonarvöl vegna þessa og atvinnulíf í hættu. Jón Sigurðsson sagði að kvótaskiptin milli staða væri óleyst vandamál og hafði enga lausn í sjónmáli.

Guðmundur Malmquist sagði að ríkisstjórnin ætlaðist til þess að Byggðastofnun veitti aðstoð gegn tryggingum ekki ríkisábrygð. Þess vegna væri allt eins gott fyrir fyrirtæki að leita til viðskiptabanka sinna en að fá lán úr Framkvæmdasjóði. Um þetta eru skiptar skoðanir.

Að öðru leyti var vísað í skýrslu starfshóps um rækjuvinnslu sem fylgdi þeim gangnabunka sem okkur var réttur í upphafi fundar. Það lét fylgja með kafla með niðurstöðum skýrslunnar til glöggunar.

Kr. Sig: Merhilegert hvað margir eru undrandi  
á því að ekki skuli hafa gengið glimrandi  
vel að sameina 2 gjaldþrofa fyrirtæki  
áu notkunum þamlangs við sameinigunguna

að finna banka til að fjármagna svona stórt fyrirtæki í  
framtíðinni.

Arin 1982-1983 var verðmæti útflutnings á íslenskum  
ullarvörum 30 milljónir dollarar en aðeins um 10 milljónir  
dollarar 1990.

Stjórnin hefur nú sagt upp ullarkaupasamningum við bændur.

#### SÍLDARVERKSSMIDJUR RÍKISINS

Akvörðun hefur verið tekin um að selja SR. Ekki er ákveðið  
hvort SR verður selt sem eitt fyrirtæki (það er mögulegt þótt  
kaupendur yrðu margir) eða í hlutum. Okkar kona í stjórn SR  
malir eindregið með því að selja fyrirtækið sem eina heild,  
þótt kaupendur yrðu margir. Þannig væri hægt að halda  
viðskiptavild og góðum samningum, trausti á fyrirtækinu. Auk  
þess væri borin von að ná fram hagræðingu og leggja niður  
verksmiðjur ef heimamenn á hverjum stað keyptu það. Hagræðing  
væri bráðnauðsynleg ef fyrirtækið ætti að eiga nokkra von um  
framtíð. Hún óttast að til standi að selja sveitarfélögum á  
hverjum stað SR í hlutum, en þau hafa enga burði til að kaupa.  
Sjávarútvegsráðherra hefur lýst það skoðun sína að selja eigi  
fyrirtækið í hlutum, en hann var ekki viðstaddir fundinn. Jón  
Sigurðsson taldi ekki heppilegt að sveitarfélögin <sup>h</sup>keyptu, enda  
hefðu þau ekki ráð á því. Hann vildi helst sjá  
almenningsshlutafélag taka við rekstri SR en hvort það yrðu  
eitt félag eða fleiri sagði hann ekkert um.

Vandi SR er fyrst og fremst loánubrestur, miklar  
fjárfestingar á sama tíma og tregða við að fækka starfsemiðnum.  
Okkar kona hefur mælt með aðhaldi og uppsögnum, en með litlum  
árangri. Hún hefur gert okkur grein fyrir þeim málum og  
endurtek ég það ekki hér.